

17. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 17. feb. 2011 kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Indriði Þóroddsson, Reimar Sigurjónsson, Steinunn Leósdóttir, Nanna Höskuldsdóttir, Jóhanna Helgadóttir og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð á tölvu. Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 03.02.2011
Lögð fram til kynningar.
2. Skýrsla sveitarstjóra.
Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.
➤ Starfsmannamál. Tekið fyrir á lokuðum fundi að afloknum 17. fundi sveitarstjórnar.
3. Bréf frá Ungmennafélagi Íslands dags. 28.01. 2011
Í bréfinu er stjórn UMFÍ að auglýsa eftir umsóknum vegna unglíngalandsmóts númer 16 sem haldið verður um verslunarmannahelgi árið 2013 og vegna unglíngalandsmóts númer 17 sem haldið verður verslunarmannahelgi árið 2014.
Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til íþróttá – og tómstundanevndar til umsagnar.
4. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 28.01.2011
Lögð fram til kynningar.
5. Tölvupóstur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga 07.02.2011
Í bréfinu er sambandið að óska eftir endurnýjuðu kjarasamningsumboði. Sveitarstjóra falið að endurnýja samninginn. Samþykkt samhljóða.
6. Eldvarnareftirlit.
Fyrir fundi liggur samningur á milli Eldstoða ehf. og Slökkviliðs Langanesbyggðar um eldvarnareftirlit á þjónustusvæði slökkviliðsins. Tilgangur samningsins er að halda uppi reglubundnu eftirliti í samræmi við ákvæði laga nr.75/2000.
Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga til samninga.
7. Fundargerð USB dags. 15.02.2011
Liður eitt samþykktur samhljóða.
Samþykkt samhljóða að fresta lið tvö þar til nánari upplýsingar liggja fyrir frá Vegagerðinni.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
8. Þriggja ára áætlun, önnur umræða.
Þriggja ára áætlun samþykkt samhljóða.

Fundagerðin upplestin og samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 18:50.